



Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni
á hátíð
vegna útgáfu á
Noregssögu Þormóðar Torfasonar

Ósló
8. apríl 2008

Yðar Hátignir, Haraldur konungur
Fræðimenn og háskólaborgarar
Góðir gestir.

Við Íslendingar stöndum í ríkri þakkarskuld við Norðmenn, ekki einvörðungu fyrir frændsemis sakir og uppruna heldur ekki síður vegna þeirrar ræktarsemi sem þið hafið jafnan sýnt fornum bókum íslenskum, Íslendingasögum og eddukvæðum, konungasögum og arfleifð Snorra Sturlusonar. Ég minnst heimsóknar yðar hátignar og Sonju drottningar til Íslands við vígslu Snorrastofu í Reykholti og einnig heimsóknar krónprinshjónanna Hákonar og Mette-Marit ásamt Ingiriði prinsessu til Reykholts. Aldrei fyrr í meira en þúsund ára sögu Íslands og Noregs höfðu þrír konunglegir ættliðir heimsótt óðal Snorra á sama árabili.

Í dag er svo nýr áfangi staðfestur með glæsilegu útgáfu á Noregssögu Þormóðar Torfasonar, fræðimanns og rithöfundar frá 17. og 18. öld sem m.a. var konungsskipaður sagnaritari Noregs frá árinu 1682. Þótt Þormóður hafi sannarlega verið afkastamikill fræðimaður og haft sóma af háskólum og konungum þá hefur hann staðið í skugga annarra vísindamanna frá samtíma sínum, ekki síst Árna Magnússonar handritasafnara í Kaupmannahöfn.

Þormóður kom frá mikilli menningarfjölskyldu og sjálfur sagði hann frá því að Torfi faðir sinn hefði þekkt Konungsbók eddukvæða, áður en hún komst í hendur Brynjólfs biskups Sveinssonar árið 1643 – og er það þá elsti vitnisburður um hvar bókin var niðarkomin fyrir þann tíma. Líklegt er að Torfi hafi séð bókina hjá hálf systur sinni, Guðrúnu Jónsdóttur, en maður hennar, Magnús Eiríksson, lögréttumaður í Njarðvík ritaði nafn sitt í handritið. Það er nú talið einn helsti menningarfjársjóður Norðurláfu vegna eddukvæðanna sem hefðu flest öll glatast ef ekki hefði verið fyrir þessa einu bók sem fjölskylda Þormóðar varðveitti um skeið áður en hún komst í opinbera eigu.

Sjálfur átti Þormóður eftir að handleika flest helstu miðaldahandrit íslensk og náði, á þeim tímum sem prentaðar útgáfur forntexta lágu ekki fyrir, að öðlast gríðarlega yfirsýn um þær heimildir um fornsögu Norðurlanda sem hinar íslensku miðaldabækur geyma. Þessi handrit fékk hann lánuð til Noregs, las þau þar og afritaði og kom sér einnig upp sérstakri byggingu fyrir handritageymsluna.

Þormóður starfaði náið með yngri lærdómsmönnum sinnar samtíðar, Árna Magnússyni handritasafnara, skrifaranum Ásgeiri Jónssyni og Þorleifi Halldórssyni sem seinna varð rektor Hólaskóla. Þessir ungu menn ólust upp við allt annað og gagnrýnna fræðaumhverfi

en Þormóður sem fæddist ári áður en René Descartes gaf út Discours de la Méthode 1637. Á hans dögum var ástandið í sagnfræðiiðkun Norðurlandabúa þannig að Danir trúðu ennþá Saxo Grammaticus og í Svíþjóð hafði Olaus Rudbeck, sex árum eldri maður en Þormóður, brugðið á það ráð að skálda upp fornsögu Svía í verki sem nefnt hefur verið Atlantica og kom út í fjórum bindum 1679-1702.

Í Noregi var þessu öfugt farið enda um miklu blómlegri heimildir að ræða úr hinum íslensku bókum sem voru vel þekktar. Á Íslandi hafði Arngrímur Jónsson lærði lagt sitt á vogarskálarnar við að kynna efni íslenskra fornrita fyrir lærdómsmönnum í Evrópu með bókum á latínu sem komu út á fyrri hluta 17. aldar. Í Noregi var Þormóður því í umhverfi lærðra manna sem þekktu til íslenskra fornsagna.

Þormóður Torfason varð fyrsti fræðimaðurinn til að lesa þessar heimildir allar í samhengi með það í huga að reyna að leggja mat á heimildagildi þeirra og setja saman samfellt sagnfræðirit með þær að vopni, ekki bara Noregssöguna, Historia rerum Norvegicarum, sem við fögnum hér í dag í norski þýðingu heldur einnig sögu Danakonunga, Series dynastarum et regum Daniæ. Rannsóknir hans á danski sögu eru ekki síður brautryðjendaverk að því leyti að hann sýndi fram á að um það efni væri íslenskum heimildum í flestum atriðum betur treystandi sem heimildum en sögu Saxa.

Sagan hefur ekki farið mjúkum höndum um þennan gríðarlega afkastamikla fræðimann sem ruddi brautina fyrir umfjöllun um hina fornu texta. Verk hans höfðu gríðarleg áhrif til að útbreiða þekkingu á íslenskum fornþekkingum, m.a. höfðu þau áhrif á Sir Walter Scott og þar með upphaf og þróun hinnar sögulegu skáldsögu, den historiske romanen.

En nú er tími Þormóðar Torfasonar að nokkru leyti kominn aftur með þeirri endurskoðun á heimildagildi fornra texta sem fer fram um þessar mundir. Enda þótt fræðimenn líti ekki svo á sem fornsögur séu endilega nákvæm heimild um einstaka sögulega viðburði eru textarnir eftir sem áður notaðir sem heimildir um mannlíf, siði og venjur, trúarbrögð og heimsmynd. Í því ljósi eru sögurnar sem gagnrýnendum Þormóðar þótti hann nota of mikið ekki síður merkilegar heimildir og verðskulda ekki minni athygli gagnrýninnna fræðimanna en þeir textar sem virðast vera raunsærri á ytra borði.

Ég vil þakka öllum sem hér hafa lagt hönd að verki fyrir áhuga og elju við að vekja til nýs lífs sagnaritarann Þormóð Torfason og vona að sú útgáfa sem hleypt er af stokkum í dag verði til að vekja áhuga á verkum hans og íslenskum fornbókmenntum um leið og hún staðfestir lifandi

áhuga okkar á sameiginlegri sögu og arfleið Norðmanna og Íslendinga,
frændþjóða sem bundnar eru einstökum böndum.